

Tillaga  
Afgreiðsla

C 3/2023/KK  
Eftirlitsnefndin

## Nefndarálit um skýrslu Ríkisendurskoðunar Danmerkur um endurskoðun á ársreikningum og starfsemi Norðurlandaráðs (C 3/2023/KK)

### Tillaga

Lagt er til að eftirlitsnefndin samþykki drög skrifstofunnar að nefndaráliti og

Eftirlitsnefndin hefur engar athugasemdir sem mæla gegn því að forsætisnefnd Norðurlandaráðs samþykki ársreikninginn og að Norðurlandaráð taki ársreikninginn og skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir Norðurlandaráð 2022 til greina

### Greinargerð

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norðurlandaráðs fyrir árið 2022.

Ársreikningurinn fyrir árið 2022 sýnir afgang sem nemur 1,1 milljón danskra króna en afgangurinn nam 4,2 milljónum árið 2021.

Eigið fé Norðurlandaráðs nemur 13,3 milljónum danskra króna samanborið við 15,6 milljónir árið 2021, sem er lækkun um 2,6 milljónir.

### Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun samþykkir ársreikning Norðurlandaráðs eins og hann er og verður hann áritaður án fyrirvara eða athugasemda.

Ríkisendurskoðun telur ársreikningana gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2022 og að rekstrarniðurstaða reikningsársins frá 1. janúar til 31. desember 2022 fyrir Norðurlandaráð sé í samræmi við fjárhagsreglur Norðurlandaráðs.

Ríkisendurskoðun hefur framkvæmt lögfræðilega og stjórnsýslulega endurskoðun á framkvæmd Norðurlandaráðs á innkaupum árið 2022. Niðurstaðan er að innkaupin hafi verið í samræmi við viðeigandi reglur, lög, samninga og gildandi venjur.



Ríkisendurskoðun hefur auk þess framkvæmt endurskoðun á stjórnun innkaupa árið 2022. Niðurstaðan er að ekki hafi verið verulegir stjórnsýslulegir breistir á stjórnun innkaupa.

Ríkisendurskoðun vekur sérstaklega athygli á því að „Norðurlandaráð hefur gert umsýslusamning við Norrænu ráðherranefndina [...] og því hefur fjármálastjórn Norrænu ráðherranefndarinnar áhrif á reikningskil Norðurlandaráðs.“ Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar 2022 eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir um fjármálastjórn.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telur að ársreikningar 2022 gefi réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ársreikningurinn verði áritaður án fyrirvara og athugasemda.

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan er talin vera í lagi.

*Norðurlöndum 5. september 2023*

Liv-Kari Eskeland (K)

Malte Larsen (S)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (M)

Per-Arne Håkansson (S)

Tobias Drevland Lund (NGV)